

43 Hraðfryst kjöt skal geymt þannig, að girt sé fyrir það, að kjötið taki í sig lykt
30. apríl eða bragð, sem spillt geti vörinni.

Söltun á kjöti skal fara fram í stérstökum klefa. Gæta skal ítrasta hreinlætis við brytjun kjöts til söltunar og nota skal eingöngu hrein og þokkaleg ílát og hreint salt. eigi má hefja söltun á kjöti, fyrr en 24 klukkustundum eftir slátrun, og gæta skal þess, að kjötið sé vel kælt áður en söltun fer fram.

Tunnur með saltkjöti skulu greinilega merktar og þær skulu geymdar á köldum stað, varðar sól og regni.

14. gr.

Við flutning á kjöti úr sláturhúsi til sölustaðar eða í geymslur, skal gæta fyllsta hreinlætis. Flutningstæki skulu vera hreinleg og eigi má flytja kjöt óvarið á opnum vögnum. Á þeim flutningstækjum, sem kjöt er flutt með, má eigi samtímis flytja aðrar vörur, sem með áhreinindum eða lykt geta spillt kjötinu. Ákvæði þessi gilda einnig um alla aðra flutninga á kjöti, svo sem í skip, við flutning á heimaslátruðu kjöti til kjötskoðunar, flutning á kjöti úr kjötgeymslu í kjötverzlanir o. s. frv. Þeir, sem vinna við flutning kjöts, skulu klæddir hreinum hlífðarfötum. Slátur skal flytja í hreinum, þéttum kössum úr ryðfríum málm, er ávallt skal halda vel hreinum. Aldrei má hefja flutning á innmat eða blóði, fyrr en afurðirnar hafa verið vel kældar. Blóð má ekki kæla í loftþéttum ílátum.

15. gr.

Þau ákvæði þessarar reglugerðar, er lúta að heilbrigði starfsfólks, þrifnaði og hreinlæti í sláturhúsum, skulu sérprentuð og skal hver sá, er stjórnar sláturhúsi, hlutast til um, að slík sérprentun hangi ávallt á áberandi stöðum í húsinu.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl., öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi I. kafli reglugerðar um kjötmat o. fl., nr. 155 8. sept. 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. apríl 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

44

5. maí

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur einkarétt til vatnsveitu í kaupstaðnum og á höfninni.

Óheimilt er skipum í Siglufjarðarhöfn að taka vatn annars staðar í Siglufirði en úr æðum vatnsveitu Siglufjarðar, og eingöngu á þeim stöðum, sem vatnssölu- maður eða vatnsveitustjóri ákveða.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæð frá vatnsveitu kaupstaðarins, annar en sá, sem bæjarstjórn felur það starf.

3. gr.

44

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Siglufjarðar, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni fylgi nákvæmar upplýsingar um hve mikið vatn viðkomandi telur sig þurfa, og til hvers það skuli notað. 5. maí

4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum frá stopphana vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna. Enginn má hafa hitaleiðslur eða aðrar leiðslur í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitustjóra, og með þeim útbúnaði, sem hann telur tryggan.

5. gr.

Vatnsveitustjóra, í samráði við bæjarstjóra, er heimilt að loka vatnsæðum kaupstaðarins fyrir þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við leka eða aðrar bilanir á leiðslum sínum, eða nota vatn þannig, eða hafa vatnsæðum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af.

6. gr.

Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn ákveðinn tíma, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án þess verið, nægilegt vatn. Þegar þannig stendur á, getur vatnsnotandi ekki krafizt lækkunar á gjaldi sínu fyrir vatnið.

7. gr.

Vatnsveitustjóri getur lokað fyrir vatn í öllum bænum eða nokkrum hluta hans, til hreinsunar á vatnsgeymi og til viðgerða á vatnsgeymum og vatnsæðum. Slík lokun skal þó tilkynnt fyrir fram, ef nokkur tók eru á. Er nægilegt að auglýsingar séu settar á auglýsingastaði víðs vegar í bænum.

8. gr.

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 4‰ — fjórum af þúsundi — af fasteignamati húsanna. Af verksmiðjum og húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 1½% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

9. gr.

Af hverri tunnu sildar greiðist 45 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða ísuðum fiski greiðist 15 aurar. Af hverri tunnu af söltuðum, flökuðum fiski greiðist 30 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 60 aurar og frystri sild kr. 1.10 af hverri tunnu.

Vatnsskattskylda framleiðslu má ekki flytja burt af framleiðslustaðnum, fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum, samkvæmt 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af er brugðið.

10. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. sildarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, kosti þá smálestin 67 aura. Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 18000.00 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar. Fyrir hverja smálest af ís til fiskiskipa sé reiknað einnar krónu gjald.

44 Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að 5. maí útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til síldarverðsmiðju vera 12 aurar fyrir hvert mál síldar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu. Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

11. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af síld og fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á að vatnsskattur af vatnsskattsskyldri verkun eða framleiðslu á stöð hans verði greiddur á gjalddaga.

12. gr.

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 15 kr. fyrir eina smálest eða hluta úr smálest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrir en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

13. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 1. apríl ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkv. 10. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á, eða þegar verksmiðjureksturinn hættir ár hvert. Vatnsskattur samkv. 12. gr. fellur í gjalddaga þegar krafizt er.

14. gr.

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 100% eða lækka um allt að 50%.

15. gr.

Hver sá, er verður sannur að sök um að taka vatn án heimildar eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða lögmat gjöld fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsins liggja við samkvæmt hegningarlögunum. Auk þess er honum skylt að greiða fyrir vatnið eftir mati vatnsveitustjóra.

16. gr.

Hver, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, vatnsþróna, brunahana eða önnur mannvirki, sem heyrta vatnsveitunni til, skal greiða fullar bætur samkv. mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum.

17. gr.

Vatnsveitustjóra og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant skal tafarlaust bæta úr því á kostnað húseiganda.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 500 kr. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og sam- **44**
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. **5. maí**
93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og
birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld
reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðarkaupstaðar nr. 142 24. júlí 1951, ásamt breyt-
ingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

45

12. maí

um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Selfossi.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum á Selfossi skal lokað eftir því sem ákveðið er í
2., 3., 4. og 5. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins, skal sölubúðum lokað kl. 18.00 og þær eigi opnaðar
aftur fyrr en kl. 8.00 árdegis næsta virkan dag.

Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er hér greinir:

Aðfangadag jóla og gamlársgangur skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 13.00,
nema þegar aðfangadagur og gamlársgangur eru mánudagar, þá má hafa opið til
kl. 16.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla, skal heimilt að halda sölubúðum
opnum til miðnættis. Svo er og heimilt að hafa opið til kl. 22.00 einn virkan
dag á undan þessum degi, skömmu fyrir jól. 1. jan.—30. sept. skal lokað á laugar-
dögum eigi síðar en kl. 13.00.

Á tímabilinu frá 1. október til 31. desember skal lokað á laugardögum eigi síðar
en kl. 16.00.

Föstudaga á tímabilinu 1. janúar til 30. september má hafa opið til kl. 19.00.

3. gr.

Brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum, eins og öðrum verzlunum
og auk þess almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágúst-
mánuði frá kl. 8.00 árdegis til kl. 12.00 á hádegi. Þó skal loka jóladag, nýársdag og
páskadag eins og öðrum búðum.

Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 15. sept. skal loka eigi síðar en kl. 16.00.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

4. gr.

Söluturnum (sælgætisbúðum), sem hafa fengið sérstakt leyfi hreppsnefndar,
má halda opnum til sölu blaða, tímarita, frímerkja, sælgætis, gosdrykkja, öls og
tóbaksvara, sem hér segir:

Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september frá kl. 8.00 til 23.30, alla virka daga.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, frá kl. 8.00 til 22.00. Þó skal lokað föstu-
daginn langa, jóladag, hvítasunnudag, páskadag, aðfangadag og gamlársgangur, eins
og venjulegum sölubúðum.